

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. desember 2020

46. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Ásókn í fyrirtækjabréf

Vaxtaálag fyrirtækjabréfa farið lækkandi með hækkandi kröfu á ríkisbréf. Tilkoma bóluafnis og lágvaxtaumhverfi stuðlar að ásókn í bréfin.

2

Poli bólu og bölmóð

Framkvæmdastjóri Birtu segir ekki rökrétt að í jafn stóru lífeyrissjóðakerfi séu ríkisskuldur aðeins notaðar sem viðmið fyrir ávöxtunarkröfu.

4

Inngripin skiluðu árangri

Seðlabankinn keypti gjaldeyri í fyrsta sinn frá því í júní. Styrking krónunnar hafi verið of mikil á of skömmum tíma. Lífeyrissjóðir gætu farið að auka við kaup sín.

8

Auki handbært fé um 1,5 milljarða

Allt að 1,5 milljarðar af handbæru fé gætu myndast við mögulega sölu Sýnar á óvirkum fjarskiptainnvíðum, samkvæmt nýrri greiningu.

8

Ósjálfbærar skuldir

„Hið opinbera á Íslandi „spilar ekki í sömu deild“ og aðrar vestrænar þjóðir og efnahagsleg viðbrögð þurfa að taka mið af því,“ segir sjóðsstjóri hjá Kviku.

10

Bæjarsjóðir á hálum ís



Fjárhagsstaða stærstu sveitarfélaga landsins mun versna töluvert á næsta ári ef marka má fjárhagsáætlanir sem nú liggja fyrir. Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg hafa þegar átt í óformlegum viðræðum um aðkomu Seðlabankans að úrlausn vandans. Yfirfærsla ákveðinna félagslegra málaflokka frá ríki til sveitarfélaga hefur verið vanfjármögnuð, segja stjórnendur sveitarfélaga. »6-7

Sem handhafar nær alls sparnaðar almennings þurfa svo lífeyrissjóðir auðvitað að fjárfesta með þeim hætti að þeir styðji við verðmætasköpun í landinu – til dæmis tímabundið á kostnað þess að fjárfesta erlendis.

Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur á skuldabréfamarkaði

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Pop up markaður Optical Studio Hafnartorgi
50-70% afsláttur af merkjavöru!

Opnunartími: Fim 12-17 / Fös 12-17 / Lau 13-17

Optical Studio
pop-up

Leigufélagið Alma verði skráð á hlutabréfamarkað

Afar ólíklegt er talið að gengið verði frá sölu á leigufélaginu Ölmum, sem áður hét Almenna leigufélagið, heldur er þessi í stað nú stefnt að skráningu félagsins á First North markaðinn í Kauphöllinni fyrir áramót.

Alma, næststærsta leigufélag landsins með um 1.200 eignir, var sett í formlegt söluferli í október og höfðu fjárfestar frest til 23. nóvember til að skila inn skuldbindandi tilboði. Samkvæmt heimildum Markaðarins voru þau tilboð sem bárust hins vegar ekki í samræmi við væntingar, meðal annars hjá stórum hluthöfum félagsins, og því sé einsýnt að niðurstaðan verði fremur sú að ráðast í skráningu á hlutabréfamarkað.



María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Ölmum

Ef marka má viðskipti sem hafa verið með bréfi í félaginu að undanförunu hafa fjárfestar verið að meta virði leigufélagsins á liðlega 11 milljarða króna. Þannig hafa sjóðfélagar fagfjárfestastjóðs í rekstri GAMMA, sem er eigandi Ölmum, selt í sjóðnum á gengi sem nemur um 0,85 til 0,9 miðað við bókfært eigið fé, samkvæmt heimildum Markaðarins, en það var um 12,4 milljarða króna um mitt þetta ár.

Til stendur að slíta sjóðnum, sem heitir Almenna leigufélagið eignarhaldssjóður (ALE), fyrir áramót þegar líftími hans rennur út.

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hefur haft umsjón með söluferlinu, eins og fram hefur komið í Markaðinum, en á anna tug fjárfesta, meðal annars erlendir aðilar, hafa sýnt félaginu áhuga frá því að ferlið hófst. Heildareignir Ölmum námu um

46,6

milljarða króna eru heildareignir leigufélagsins.

46,6 milljörðum um mitt þetta ár. Rekstrartekjur voru 1.335 milljónir á tímabilinu og drögust saman um 146 milljónir. Rekstrarhagnaður félagsins (EBITDA) nam um 748 milljónum króna á fyrri árshefningu og minnkaði um 45 milljónir milli ára. Vaxtaberandi skuldir Ölmum nema nú um 29 milljörðum en ljóst er að stjórnendur félagsins horfa til þess að með lækkuð vaxta að undanförunu sé hægt að lækka verulega vaxtabyrgðir fyrirtækisins með því að ráðast í endurfjármögnun.

Aform Ölmum á sínum tíma stóðu til þess að fara með félagið á Markað en horfið var frá því haustið 2019. Þá hafði reksturinn verið undir væntingum í nokkurn tíma og aðstæður á mörkuðum ekki taldar fýsilegar. Með væntanlegri skráningu Ölmum á First North markaðinn verður leigufélagið eina sinnar tegundar í Kauphöllinni en Heimavellir, stærsta leigufélag landsins, var sem kunnugt er tekið af markaði fyrir á árinu eftir skamma viðveru í Kauphöllinni.

Í hópi stærstu hluthafa Ölmum í dag er meðal annars sjóðastýringar fyrirtækið Stefnir og Guðbjörg Matthíasdóttir, aðaleigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum.

— hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri [Hörrur Egisson hordur@frettabladid.is](mailto:Hörrur_Egisson_hordur@frettabladid.is)

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAF MÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Ásókn í fyrirtækjabréf og vaxtaálag minnkar

Vaxtaálag fyrirtækjabréfa farið lækkanði með hækkandi kröfu á ríkisbréf. Tilkoma bóluafnis og lágvaxtaumhverfi stuðla að ásókn í bréfin. Gildi hyggst auka vægi fyrirtækjabréfa töluvert. Stórir sjóðir vilja minnka vægi ríkisbréfa.

Vaxtaálag fyrirtækjaskuldabréfa hefur farið lækkanði eftir því sem fjárfestar leita betri ávöxtunar í áhættumeiri eignum. „Við höfum verið að sjá álag á fyrirtækjaskuldabréfum lækka í haust og þannig er sú hækkun sem átti sér stað í kjölfar COVID-19 að miklu leyti gengin til baka,“ segir Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá AKTA sjóðum, og bendir á að svipuð þróun hafi átt sér stað á erlendum skuldabréfamörkuðum síðustu mánuði.

„Betri efnahagshorfur með tilkomu bóluafnis hafa hjálpað ásamt lágvaxtaumhverfinu sem hefur ýtt undir áhættusækni fjárfesta.“

Í bókum lífeyrissjóða hafa markaðsskuldabréf atvinnufyrirtækja aukist úr 302 milljörðum króna í 332 milljarða, nær 10 prósent, milli mars og október. Ætla má að aukningin haldi áfram í nóvember í ljósi þess að fasteignafélagin Reginn og Reitir hafa gefið út töluvert magn skuldabréfa á tímabilinu.

Hrafn Steinarnsson, sérfræðingur í skuldabréfamöðlun hjá Arion banka, segir að góður gangur hafi verið í útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa hjá bankanum. Álag fyrirtækjabréfa ofan á áhættulausa vexti hafi farið lækkanði sem skýrist meðal annars af aukinni ásókn í bréfin.

„Við búum við sögulega lágt vaxtastig og við slíkar aðstæður er viðbúið að fjármagn leiti úr öruggari fjárfestingakostum í áhættusamari í leit að betri ávöxtun, á sama tíma og fyrirtæki sjái sér hag í endurfjármögnun skulda,“ útskýrir Hrafn.

Lægra álag fyrirtækjabréfa skýrist einnig af snarpri hækkun á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa síðustu mánuði að sögn Hrafns. Krafa á lengri verðtryggð ríkisbréf hefur hækkað um 70 – 80 punkta síðustu þrjú mánuði en þar sem krafa fyrirtækjabréfa hefur ekki fylgt ríkisbréfunum að fullu hefur vaxtaálagið farið minnkanði.

Þá bendir hann á að lífeyrissjóðir hafi fengið uppgreiðslur á sjóðfélagalán síðustu mánuði sem bætist ofan á hreint innflæði í sjóðina, sem kann að hafa aukið eftirspurn eftir fyrirtækjabréfum.

„Horft fram á við held ég að fleiri fyrirtæki geti séð tækifæri í útgáfu á skuldabréfamarkaði, allt frá útgáfu víxla eða stuttra óverðtryggðra bréfa yfir í lengri verðtryggð bréf.“

Minnka vægi ríkisbréfa

Markaðurinn hefur að undanförunu fjallað um að lífeyrissjóðir hafi sýnt lítinn áhuga á því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagðist hafa áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir væru að mestu fjarverandi þegar kemur að því að fjármagna ríkissjóð með kaupum á ríkisskuldabréfum á markaði.

Á sjóðsfélagafundi Gildis lífeyrissjóðs í síðustu viku var farið yfir stöðu sjóðsins og stefnu til framtíðar. Þar kom fram að aukin áhersla yrði á veðskuldabréf, og skuldabréf fyrirtækja og banka. Á móti yrði dregið úr vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins.


Heildareignir samtryggingardeildar Gildis námu ríflega 727 milljörðum króna í byrjun nóvember. Þar af námu skuldabréf fyrirtækja 4,9 prósentum af heildareignum, sem samsvarar 36 milljörðum, en samkvæmt stefnu Gildis



Lífeyrissjóðir hafa sett sér markmið um að minnka vægi íslenskra ríkisskuldabréfa í eignasafni sínu á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Markaðsskuldabréf atvinnufyrirtækja í eignasafni lífeyrissjóða (milljarða króna)

350



Betri efnahagshorfur með tilkomu bóluafnis hafa hjálpað ásamt lágvaxtaumhverfinu sem hefur ýtt undir áhættusækni fjárfesta.

Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá AKTA sjóðum

fyrir árið 2020 vill sjóðurinn hækka hlutfallið upp í 8 prósent. Miðað við stöðuna í byrjun nóvember má áætla að Gildi vilja bæta fyrirtækjabréfum við eignasafn sitt fyrir um 22 milljarða króna.

Almenni lífeyrissjóðurinn birti einnig uppfærða fjárfestingarstefnu síðustu mánamót. Samkvæmt henni verður lítil breyting á vægi fyrirtækjabréfa en Almenni ætlar að stórauka vægi veðskuldabréfa í samtryggingasjóði úr tæplega 16 prósentum af heildareignum og upp í 25 prósent. Á móti verður hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa lækkað úr tæplega 22 prósentum niður í 10 prósent.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafa einnig sett markmið um að draga úr vægi ríkisskuldabréfa. Hjá báðum sjóðum er hlutfallið rúmlega 20 prósent en stefnt er að því að ná hlutfallinu niður í 17 prósent. Eignarhald lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum sem hlutfall af heildarmagni, hefur lækkað úr 40 prósentum niður í 37 prósent frá áramótum.

Fasteignafélagin Eik, Reginn og Reitir gáfu út skuldabréf fyrir um


30 milljarða króna á síðustu vikum. Mikil eftirspurn eftir skuldabréfunum, einkum frá lífeyrissjóðum, varð til þess að vaxtaálag bréfanna ofan á áhættulausa vexti, sem hafði risið úr um 1,5 prósentum upp í um 2,5 prósent á síðustu 3 árum, fór aftur niður í kringum 1,6 prósent. Til samanburðar gefur Lána-sjóður sveitarfélaga út skuldabréf með 1,1 prósent vaxtaálagi en sjóðurinn getur tekið veð í tekjum sveitarfélaga og er gjaldgengur í veðlánaviðskipti hjá Seðlabankanum. Ávöxtunarkrafan á skuldabréf fasteignafélaganna hefur lítið haggast frá því í sumar en hækkandi ávöxtunarkrafa á ríkisbréf veldur því að vaxtaálagið minnkar.

Kvika eignastýring kom á fót sjóðnum ACF III slhf. í sumar, en um er að ræða samlagshlutafélag sem mun koma af fjármögnun fyrirtækja. Heildarískriftaloforð sjóðsins, sem er í eigu flestra af stærstu lífeyrissjóðum landsins, námu 19,5 milljörðum króna og er fjárfestingatímabil hans þrjú ár. Sjóðurinn mun fjárfesta í skuldabréfum og lánunum til fyrirtækja, einkum með veði í fasteignum og fastafjármunum.

Þorkell Magnússon, forstöðumaður sjóðsstýringar, segir að sjóðurinn sé nú þegar byrjaður að fjárfesta og mörg verkefni séu í vinnslu og skoðun. Um 15-20 prósentum afsjóðnum hefur verið ráðstafað í verkefni.

„Horfur eru góðar og mörg áhuga-verð fyrirtæki að skoða sín fjármögnunarmál og viljug til að skoða aðra valmöguleika en hefðbundna bankafjármögnun,“ segir Þorkell. „Við finnum fyrir því að lágr innlánsvextir auka eftirspurn eftir skuldabréfum fyrirtækja til lengri tíma.“

thorsteinn@frettabladid.is



Góð yfirsýn yfir reksturinn

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Bókhald / Laun / Skattur / Ráðgjöf



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

Ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða þarf að þola bólur og bölmóð

Framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs segir ekki rökrétt að í jafn stóru lífeyrissjóðakerfi og á Íslandi séu ríkisskuldir aðeins notaðar sem viðmið fyrir ávöxtunarkröfu. Hafnar því að lífeyrissjóðir séu í afneitun gagnvart nýju umhverfi lágra vaxta. Ræða eigi breytingar á kröfunni þegar meira jafnvægi er í hagkerfinu. Varla sé hægt að tala um sjálfbærar fjárfestingar þegar raunvextir eru neikvæðir.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Það þarf að horfa í allar eignir til að mæta lífeyrisskuldbindingum, ekki bara ríkisbréf. Það er ekki rökrétt að horfa til þess að kerfi sem stefnir í að verða 200 prósent af landsframleiðslu noti eingöngu ríkisskuldir sem viðmið,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

„Það elur á trú um að hægt sé að mæta lífeyrisskuldbindingum með kaupum á ríkisskuldabréfum og allt annað teljist vera umframáhætta sem hafa þurfi áhyggjur af,“ útskýrir hann í viðtali við Markaðinn og bætir við:

„Ef við horfum til nýlegrar eignakönnunar OECD þá er hlutfall ríkisskuldabréfa af heildareignum íslenskra lífeyrissjóða í samræmi við það sem gengur og gerist annars staðar í heiminum. Ríkisskuldabréf þjóna eftir sem áður sem vaxta-grunnur í uppbyggingu verðbréfasafna og þá sem ákveðið hlutfall af eignum. Það er sjálfsgætt að takast á um það hlutfall við hvern sem er.“

Lítill áhugi lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum hefur vakið upp spurningar um lögbundna 3,5 prósentu uppgjörskröfu sjóðanna – einnig kölluð ávöxtunarviðmið – og hún sögð mögulega vera of há miðað við núverandi lágvaxtaumhverfi. Ríkissjóður mun þurfa að fjármagna gríðarlegan hallarekstur á næstu árum – hann er áætlaður um þúsund milljarðar fram til 2025 – og ljóst að aðkoma lífeyrissjóðanna, sem eru stundum nefndir hinir náttúrlegu kaupendur að ríkisbréfum, getur ráðið miklu um hvernig til tekst.

Margir hafa talað fyrir því að undanförunu að endurskoða þurfi uppgjörskröfu lífeyrissjóðanna vegna gjörbreyttra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Hvernig horfir sú umræða við þér?

„Þessi krafa hefur endurtekið verið endurskoðuð óformlega og í flestum tilfellum verið látin standa. Í byrjun árs 2018 lagði ég til að við kæmum okkur upp reikniverki til að meta allar forsendur þessa kerfis, ekki bara núvirkiskröfuna. Á þeim tíma vildu margir hækka iðgjaldið og eflaust sumir hverjir þeir sömu og vilja lækka vaxtavíðmiðið núna og þá verðum við líka að ræða nægjanleika lífeyris til framtíðar. Lífeyrisjafnan er nú ekki flókin og við verðum að leysa hana sem samfélag og horfast í augu við allar forsendur, ekki bara þá sem hentar okkur,“ segir Ólafur.

Í umfjöllun Markaðarins í síðustu viku sagði Daniel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, að það kæmi „sifjell betur í ljós hversu úrelt þetta viðmið“ lífeyrissjóðanna væri nú þegar hagkerfið er komið inn í allt annað vaxtaumhverfi. Þá sagði Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, skilja að lífeyrissjóðir væru „tregir til“ að fjárfesta í ríkisbréfum sem væru kannski að gefa neikvæða raunávöxtun um þessar mundir.

Benti Friðrik Már á að raunávöxtunarviðmið upp á 3,5 prósent hefði verið sett við allt aðrar aðstæður þegar raunvextir á öruggum ríkisbréfum á alþjóðamarkaði, til dæmis



Ólafur segir „lífeyrisjöfnuna ekki vera flókna og við verðum að leysa hana sem samfélag og horfast í augu við allar forsendur, ekki bara þá sem hentar okkur.“

Sagðist vera „hugsi yfir nærveru Seðlabankans“

Ólafur gagnrýndi ummæli seðlabankastjóra um lífeyrissjóðina í síðasta mánuði og sagðist vera „hugsi yfir nærveru Seðlabankans og þeim grimlausu eignastýringarskilaboðum til lífeyrissjóða sem nálgast orðið brot á tveggja metra reglunni“.

Þetta kom fram í færslu sem hann birti á Facebook 19. nóvember síðastliðinn en tilefni skrifanna var viðtal við Ásgeir Jónsson seðlabankastjóra sem hafði birst í Fréttablaðinu fyrir þann sama dag. Þar sagðist Ásgeir hafa áhyggjur af því, sem hefði skapað ákveðið misvægi á fjármálamarkaði, að lífeyrissjóðirnir væru að mestu fjarverandi þegar kemur að því að fjármagna bankakerfið og eins ríkissjóð með kaupum á ríkisskuldabréfum á markaði.

„Ég hefði viljað sjá lífeyrissjóðina, sem eiga um 200 milljarða á innlánsreikningum, binda þá fjármuni í meira mæli í bankakerfinu. Þeir eru eðlilega með mikið af innlánunum en þau eru mikið til óbundin og því er ekki grundvöllur fyrir bankana til að miðla þeim áfram í útlán,

til dæmis til fyrirtækja. Þetta er áhyggjuefni sérstaklega þegar fram í sækir,“ sagði seðlabankastjóri.

Ólafur sagðist í færslunni ekki ætla að vera „ofurviðkvæmur fyrir gagnrýni í okkar garð“ og að Seðlabankinn geti auðvitað gert athugasemdir við fjárfestingarstefnu Birtu sem sjóðurinn sendi bankanum í lok þessa mánaðar.

„Ég er umvafinn frábæru fólki sem myndar bæði stjórn og fjárfestingaráð Birtu og þetta viðtal fer klárlega inn í þá umræðuna. Hvernig er skynsamlegast að ráðstafa eignum á milli ára, það er vel að margir hafi skoðun á því.“

Hvað kerfið varðar þá sýnist mér að lífeyrissjóðir eigi um 55 prósent af útgefnum sértryggtum skuldabréfum bankanna og ætli íbúðalánasjóðurinn sálugi eigi ekki líka mikið, maður finnur ekkert um það á netinu. Af þessum tölum skynja ég nú ekki beint fjarveru lífeyrissjóða frekar en of mikla nærveru þeirra á markaði. Hann er klárlega vandrataður þessi gullni meðalvegur,“ sagði Ólafur.

í Bandaríkjunum, voru á svipuðu róli. Það var á tíunda áratug síðustu aldar en núna eru alþjóðlegir raunvextir í kringum núllið og verða það sennilega um þó nokkurt skeið. „Þetta segir óhjákvæmilega til sín hér á landi og það virðist því eðlilegt að taka tillit til þessarar þróunar. Það þýðir ekki að viðmiðið eigi að fara í núll.“

Ertu sammála þeim sem halda því fram að uppgjörskrafan sé úrelt?

„Ef það er úrelt þá er umræðan síðustu daga og vikur það líka að mínu mati. Umræðan ætti frekar að snúast um hvernig breyta ætti þessu viðmiði og þá á hvaða forsendum. Það ætti ekki að eingöngu að horfa á ríkistryggða vexti við endurskoðun á þessu viðmiði. Þegar ég talaði fyrir

3,5%

er lögbundin uppgjörskrafa íslensku lífeyrissjóðanna.

reikniverki um lífeyrismál í byrjun árs 2018 gerði fjármálaáætlun ráð fyrir að skuldir hins opinbera yrðu um 26 prósent af landsframleiðslu í lok árs 2021. Þá var tömt mál að tala um að kerfi sem nálgast 180 prósent af landsframleiðslu hafi ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa sem viðmið, viðmið þurfa að vera fjárfestanleg,“ segir Ólafur.

Við ættum ekki að gera þá kröfu til nokkurs fjárfestis að hann venjist því að gefa frá sér lífeyrissparnað landsmanna til áratuga.

Hann telur ljóst að það þurfi að búa þessu viðmiði betri umgjörð. „Þar væri meðal annars hægt að horfa til gildandi laga um starfstengda eftirlaunasjóði, sem byggja á Evróputilskipun (2003/41/EB með síðari breytingum), en þar segir í 15. grein að þessi núvirkiskrafa skulu ákvörðuð með hliðsjón af: ávöxtun samsvarandi eigna sem stofnunin á og með hliðsjón af framtíðarfjárfestingatekjum; markaðsávöxtun hágaðaskuldabréfa eða ríkisskuldabréfa; eða blöndu af báðum.“

Ólafur, sem fer fyrir fjórða stærsta lífeyrissjóði landsins með eignir upp á um 450 milljarða króna, rifjar upp að fyrir um áratug hafi margir haft sterka skoðun á ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða og haft uppi stór orð.

„Nú tíu árum síðar hafa blönduð eignasöfn skilað þessu að meðaltali og það kennir okkur að hafa ekki uppi stór orð um það hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er auðvelt að vera svartsýnn í miðjum heimsfaraldri og kalla eftir breytingum. Það er hægt að bæta hlýnun jarðar við bólsýnina, óvissu í alþjóðlegum stjórnmálum, skuldsetningu og öldrun þjóða. Ekkert af þessu gefur beint tilefni til bjartsýni. Það er stundum eins og margir hafi tapað trúnni á að til dæmis tækniframfarir, aukin skilvirkni og að fjárfesting í innviðum geta aukið hagvöxt,“ útskýrir Ólafur og bætir við:

„Þetta er langtíma viðmið og það þarf að þola bólur og bölmóð. Ef við viljum breyta því ættum við að gera það reglulega og þá eftir ákveðnum reglum. Það er erfitt að búa sig undir heimsfaraldur og margt að því sem við höfum lært af þessari kreppu mun sennilega ekki nýtast okkur

við þá næstu. Frá aldamótum jafnast þetta á við þriggja þátta blús á 20 árum. Ef það er eitthvað sem hægt er að læra af þessu öllu er það að ráðast ekki í stórfelldar breytingar í miðju hrúni. Það er mun heillavænlegra að ræða breytingar við meira jafnvægi ef það er hægt að tímasetja það. Við hjá Birtu vorum að ljúka við endurmat á fjárfestingarstefnu okkar og teljum að til lengri tíma geti sjóðurinn náð þessu viðmiði. Það er eðlilega háð óvissu og næstu ár verða klárlega krefjandi.

Viðmið eru viðmið og það er nú ekki hægt að halda því fram að markaðshæðun lífeyrissjóða hafi haldið uppi vöxtum undanfarin fimm ár. Seðlabankinn birtir mánaðarlega eignastöðu lífeyrissjóða og mér finnst fullsnemmt að kalla þá til ábyrgðar við þessar vægast sagt óvenjulegu aðstæður,“ segir Ólafur.

Hann minnr á að lífeyrissjóðir hafi svarað kalli Seðlabanka Íslands í vor þegar þeir gerðu umdeilt hlé á gjaldvefiskaupum og skrifuðu nýlega undir yfirlýsingu með stjórndvöldum um sjálfbærar fjárfestingar.

„Samfélagsábyrgð er okkar DNA og sjálfbærni er meira en bara grænær fjárfestingar. Okkar eina hlutverk er að greiða lífeyri og til þess að fjárfestingar teljist sjálfbærar þurfa þær jafnframt að vera arðbærar og það er nú varla hægt að tala sjálfbærni þegar raunvextir eru neikvæðir.“

Þú tekur þá ekki undir með þeim sem telja ykkur stjórnendur sjóðanna vera í afneitun gagnvart þeim möguleika að við séum að sigla inn í lágvaxtaumhverfi til lengri tíma?

„Það getur vel verið að heimhagkerfið sigli nú inn í vaxtalægdina miklu sem taka muni tugi ára að komast út úr. Lífeyrissjóðir geta aðlagð sig því, hver með sínum hætti, eins og aðrir fjárfestar og engin ástæða til að ætla að þeir séu í einhverri afneitun. Jafnvel þó einhverjum finnst það vont að vinna í umhverfi neikvæðra raunvaxta þá ættum við ekki að gera þá kröfu til nokkurs fjárfestis að hann venjist því að gefa frá sér lífeyrissparnað landsmanna til áratuga.“

Desembersprengja



30%
AFSLÁTTUR

af öllum vörum til
10. desember



Frí snertilaus heimsending
á öllu höfuðborgarsvæðinu

RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.





Lokun sundlauga stóran hluta ársins hefur haft í för með sér tekjufall fyrir sveitarfélög, en starfsfólk sundlauganna hefur hins vegar haldið launum að mestu á meðan. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Vilja að Seðlabankinn láti til sín taka við lausn fjárhagsvanda sveitarfélaga

Æðstu stjórnendur stærstu sveitarfélaga landsins vilja að Seðlabankinn og hið opinbera komi að úrlausn erfiðrar fjárhagsstöðu þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg hafa átt í óformlegum viðræðum við Seðlabanka Íslands um að bankinn stígi inn með kaupum á skuldabréfum. Yfirfærsla ákveðinna málaflokka frá ríki til sveitarfélaga er sögð vanfjármögnuð.

Pórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Óformleg samtöl hafa átt sér stað milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa stærstu sveitarfélaga landsins við Seðlabanka Íslands um magnbundna íhlutun Seðlabankans á skuldabréfamarkaði sem gagnast gæti sveitarfélögum. Þær aðgerðir gætu snúið að því að Seðlabankinn keypti upp hluta útistandandi skuldabréfaflokka stærstu sveitarfélaganna. Skuldabréfaeigendur

sem seldu gætu þá notað afrakstur sölunnar til að kaupa nýja skuldabréfaflokka af sveitarfélögum. Annar möguleiki væri að Seðlabankinn keypti beint nýja útgáfu af sveitarfélögum. Þriðja leiðin væri sú að Seðlabankinn keypti upp hluta útgáfu Lánasjóðs sveitarfélaga, annaðhvort beint afsjóðnum eða á markaði. Lánasjóðurinn myndi svo í kjölfarið hafa meira svigrúm til að stíga inn í rekstrarvanda sveitarfélaga. Öll eru þessi mál þó ennþá á viðræðustigi.

Viðræður Sambands íslenskra sveitarfélaga og einkum Reykjavíkurborgar hafa þó ekki ratað í efstu lög Seðlabankans, að því er heimildir Markaðarins herma. Alls-endis óvist er hvort æðstu stjórn-

Í málaflokki fatlaðra var mjög uppsöfnuð þörf og miklar væntingar um betri þjónustu eftir að sveitarfélögin tóku við.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar



endum Seðlabankans hugnist þessar vangaveltur sveitarfélaganna. Á peningamálafröðunni Viðskiptaráðs sem fór fram 19. nóvember síðastliðinn sagði seðlabankastjórinn Ásgeir Jónsson að næsta ár væri ár

peningaprentunar. Seðlabankinn hefði hingað til lagt áherslu á stöðugleika verðlags og gengis íslensku krónunnar en peningaprentun – sem felur einna helst í sér kaup á útistandandi skuldabréfum – hafi enn ekki hafist. „Við eigum eftir að byrja að prenta peninga og peningaprentunin felst í því að kaupa ríkisskuldabréf. Það veltur síðan á ríkinu hvert ábati peningaprentunarinnar fer. Ekki Seðlabankanum,“ sagði Ásgeir.

Í umræðu um magnbundna íhlutun Seðlabankans hefur einnig verið bent á að þó svo að Seðlabankinn leggist gegn því að hefja uppkaup á öðru en skuldabréfum ríkissjóðs, feli slíkar aðgerðir þó í sér óbeina aðstoð við sveitarfélögin í formi

lækkunar ávöxtunarkröfu skuldabréfamarkaðarins í heild.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir hins vegar að viðræður borgarinnar og Seðlabankans hafi verið góðar hingað til. „Samskipti okkar við Seðlabankann eru trúnaðarmál en við höfum rætt bæði veðhæfi bréfa borgarinnar sem nú eru tæk í endurkræfum viðskiptum. Það er hvernig farið er með þau varðandi svokallað frádrag skiptir einnig máli. Síðast en ekki síst þá höfum verið að benda á að ríkisstjórnir og seðlabankar hafa verið að styðja mun ákveðnar við sveitarfélög og borgir viðs vegar um heim. Hvort heldur að horft er til Bandaríkjanna eða Svíþjóðar þar sem seðlabankar hafa verið að



Vegna kjarasamningshækkana er aukning á útsvarstekjum en launakostnaður er hins vegar að hækka miklu meira.

Árman Kr. Ólafsson, bærarstjóri Kópavogs



kaupa skuldabréf sveitarfélaga. Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri í Hafnarfirði, segir að Seðlabankinn eða ríkissjóður eigi að stíga inn og tryggja sveitarfélögum sambærileg lánsfjárför og ríkið nýtur: „Til dæmis með því að kaupa núverandi útgáfur þeirra sveitarfélaga sem eru með skuldabréf á markaði.“

Lítið afgang frá rekstrinum Sá mælikvarði sem Samband íslenskra sveitarfélaga notar einkum til að meta rekstrarhæfi og fjárfestingargetu sveitarfélaga til skemmri tíma er veltufjárhlutfall. Veltufjárhlutfall er hlutfall veltufjár frá rekstri og skammtimaskulda, en sú kennitala gefur vísbendingu um greiðsluhæfi og getu rekstrar til að standa undir fjármagnskostnaði og nýjum fjárfestingum. Almenn er miðað við að veltufjárhlutfall

Útsvarstekjur síðastliðin þrjú ár (milljarðar króna)

	2018	2019	2020	Aukning frá 2019 til 2020
Reykjavík	65,8	69,2	70,1	1,4%
Hafnarfjörður	14,8	15,4	15,8	2,2%
Kópavogur	19,4	20,7	21,3	3,1%
Akureyri	8,8	9,4	9,7	3,1%

sveitarfélaga sé í kringum einn. Með öðrum orðum þýðir það að hlutfall veltufjár frá rekstri sé yfir 10 prósentum af skammtimaskuldum. Samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga á ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2019 var veltufé frá rekstri ríflega 10 prósent af tekjum Reykjavíkurborgar og tæp 9 prósent hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Á landsvisu var meðaltalið 9,8 prósent.

Fjárhagsáætlanir stærstu sveitarfélaga landsins bera hins vegar með sér mikla lækkingu á veltufjárhlutfalli. Veltufé frá rekstri Reykjavíkurborgar verður neikvætt um fjóra milljarða króna á næsta ári og því einsýnt að veltufé frá rekstri í hlutfalli við skammtimaskuldir verður undir þeim mörkum sem Samband íslenskra sveitarfélaga miðar við. „Reykjavíkurborg hefur verið með sterkt veltufé frá rekstri öll

Fjárhagsstaða fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlunum* þúsundir króna

A-hluti 2021	Veltufé frá rekstri	Skammtimaskuldir	Rekstrartekjur	Heildarskuldir	Skuldir sem hlutfall af tekjum	Veltufé sem hlutfall af tekjum	Veltufjárhlutfall
Reykjavíkurborg	-4.067.102	23.919.849	133.602.594	155.851.900	117%	-3%	-0,17
Hafnarfjörður	409.798	6.745.430	28.091.991	43.540.332	155%	1%	0,06
Kópavogur	876.877	12.925.623	34.438.717	44.240.124	128%	3%	0,07
Akureyri	785.554	3.827.709	20.403.024	26.597.472	130%	4%	0,21

A- og B-hluti 2021	Veltufé frá rekstri	Skammtimaskuldir	Rekstrartekjur	Heildarskuldir	Skuldir sem hlutfall af tekjum	Veltufé sem hlutfall af tekjum	Veltufjárhlutfall
Reykjavíkurborg	20.461.827	51.691.471	199.743.377	412.327.618	206%	10%	0,40
Hafnarfjörður	1.665.897	5.012.281	30.283.322	47.639.710	157%	6%	0,33
Kópavogur	1.725.641	12.789.065	36.309.205	49.941.659	138%	5%	0,13
Akureyri	2.356.196	5.053.672	24.705.812	37.770.357	153%	10%	0,47

Fimmsta stærsta sveitarfélag landsins, Reykjanesbær, hefur ekki birt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Samkvæmt upplýsingum frá Kjartani Má Kjartanssyni bærarstjóra verður skuldahlutfall A-hluta undir 150% á næsta ári

Ríkisstjórnir og seðlabankar hafa verið að styðja mun ákveðnar við sveitarfélög og borgir víðs vegar um heim.

Dagur B Eggertsson, borgarstjóri



undanfarin ár, borgarsjóður kringum 10 prósent og samstæðan allt að 20 prósentum. Lægra veltufé nú er vegna tímabundins tekjufalls og við gerum ráð fyrir að það muni styrkjast aftur á næstu árum. Hitt er annað mál að það þarf að leiðrétta framlög vegna málaflökks fatlaðs fólks og fleira þar sem ríkið hefur skilgreint fjölmargar skyldur sveitarfélaga en ekki látið fjármagn fylgja,” segir Dagur B. Eggertsson.

Undir þetta tekur Rósa Guðbjartsdóttir: „Eftir að málaflökkar grunnskóla og fatlaðra voru fluttir yfir til sveitarfélaganna hefur þjónustan aukist og eflst til muna. Í hvorugt skiptið hefur verið gert ráð fyrir nægu fjármagni til að standa undir þeirri þróun. Í málaflökki fatlaðra var til dæmis mjög uppsöfnuð þörf og miklar væntingar um betri þjónustu eftir að sveitarfélögin tóku við. Því hefur vitaskuld fylgt mikil kostnaðaraukning og sífellt er verið að fela sveitarfélögum ný verkefni á því sviði sem ekki hafa fylgt næg fjárfrelög með.“

Rósa segir að tilfærsla fleiri málaflökka frá ríki til sveitarfélaga, á borð við málefni aldraðra, séu ekki tímabærar miðað við núverandi stöðu mála, þó æskilegt væri að öll þjónusta við þann hóp væri á sömu hendi. Dagur B. Eggertsson tekur í sama streng og segir að allar áætlanir um tilfærslu málaflökka félagslegrar þjónustu séu á bið núna.

Áhættuflokkun verði breytt

Árman Kr. Ólafsson, bærarstjóri Kópavogs, segir að ein leið til að koma til móts við sveitarfélögin þegar kemur að fjármögnun næstu missera væri að breyta áhættuflokkun skuldabréfa þeirra. Samkvæmt reglum fjármálaeftirlits Seðlabankans ber að flokka skuldir sveitarfélaga í annan áhættuflokk en hins opinbera. Ef sveitarfélögin yrðu sett í sama áhættuflokk og ríkissjóður, væru heimildir banka og lifeyrissjóða til að eiga skuldir sveitarfélaga viðtækari.

Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands hafa áhættuskuldbindingar sveitarfélaga, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt þeirra, áhættuvogina 20 prósent. Hærra áhættuvog þýðir að banki þarf að binda meira eigið fé vegna skuldbindingarinnar, en það hefur áhrif á vaxtakjörs. Skuldbindingar ríkissjóðs hafa hins vegar áhættuvogina núll prósent, sem skilar sér í hagstæðum vaxtakjörum, en frá þessu var greint í Markaðnum þann 25. nóvember síðastliðinn. Meðal þeirra ríkja sem hafa þennan háttinn á eru Danmörk, Finnland, Þýskaland, Svíþjóð, Bretland og Holland.

Mikil lánsfjárför fram undan hjá hinu opinbera

„Það er mjög stór spurning hvernig við ætlum að fjármagna skuldir hins opinbera á næstu árum,” segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá markaðsviðskiptum Arion banka. „Miðað við uppsafnaðan sparnað í lífeyrskerfinu ætti það við fyrstu sýn að vera hæfur vandi. Sjóðirnir eru hins vegar bæði að fjármagna aðra útgáfu atvinnulífsins og smám saman að byggja upp erlendar eignir,” bætir hann við. Heilmikil samkeppni ríki um sparnað í landinu sem birtist meðal annars í því að langtíma-vextir hafi hækkað. Mismunur langtíma-vaxta og stýrivaxta Seðlabankans hafi líklega aldrei verið meiri.

„Miðað við fjármálaáætlun hins opinbera og nýjustu áætlanir sveitarfélaga er mikil lánsfjárför fram undan. Þessi þörf hefur legið lengi í loftinu og hefur verið að stuðla að hækkingu langtíma-vaxta allt frá því í vor. Hærra vextir gætu leitt til þess að einhver sveitarfélög og fyrirtæki

falli frá fjárfestingum. Sveitarfélög eins og aðrir verða auðvitað að gæta að skuldsetningu. Það væri vond niðurstaða fyrir hagkerfið ef opinberir aðilar skuldsettu sig um of. Það væri ávisun á hærri vexti og hærri skatta. Hvorugt held ég að sé heppilegt,” segir Stefán.

Hann nefnir einnig að ríkið og sum sveitarfélaga hafi safnað í sarpinn síðustu ár og skulda-staða víðast hvar nokkuð góð. Árin eftir hrun hafi jafnframt sýnt að þegar hagkerfið tekur við sér geti rekstur sveitarfélaganna rétt snögglega úr kútnum.

„Það er líklegt að umræða verði enn hávæðari um að Seðlabankinn taki stærri þátt í fjármögnun ríkissjóðs og jafnvel sveitarfélaganna. Sem handhafar nær alls sparnaðar almennings þurfa svo lífeyrissjóðir auðvitað að fjárfesta með þeim hætti að þeir styðji við verðmætisköpun í landinu – til dæmis tímabundið á kostnað þess að fjárfesta erlendis,” segir Stefán Broddi.

Akureyrarbær borgar um hálfan milljarð á ári með rekstri hjúkrunarheimila í ár, en þetta er kostnaður sem átti að falla á ríkið.

Ásthildur Sturludóttir, bærarstjóri Akureyrarbæjar



næstu þremur árum en ég á ekki von á því að við förum yfir það,” segir Ásthildur, en fari samanlagðar langtímaskuldir og lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga yfir 150 prósent ber eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga að stíga inn.

Ásthildur segir að stærsta vanda málið í rekstri Akureyrarbæjar sé hækking launakostnaðar, einkum vegna mikillar fjölgunar starfsfólks við umönnun fatlaðra. „Kostnaður vegna málefna fatlaðra hefur hækkað alveg gríðarlega á undanförunum árum. Það er vegna síaukinna krafna í þeim efnum. Auknar kröfur eru hið besta mál og sjálfsagðar en þegar hið opinbera gerir auknar kröfur verður að fylgja auknið fjármagn. Þessi málaflökkur hefur verið fjársveltur af ríkissjóði árum saman og nú sjáum við afleiðingarnar af því,” segir Ásthildur. Hún nefnir einnig hjúkrunarheimili, en Akureyrarbær hefur sagt upp samningi við hið opinbera um rekstur slíkra heimila á Akureyri. „Akureyrarbær borgar um hálfan milljarð á ári með rekstri hjúkrunarheimila í ár, en þetta er kostnaður sem átti að falla á ríkið. Hið opinbera hefur ekki viljað hækkingu daggjalda og því er þetta afleiðing. Við sinnum þessum verkefnum samt mjög vel en getum ekki gert það áfram þegar fjármagn fylgir ekki með,” segir Ásthildur.

Inngrip Seðlabankans skilað árangri

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á fimmtudaginn í fyrsta sinn frá því í sumar. Lífeyrissjóðir gætu keypt meira af Bandaríkjadal en að undanförunu í ljósi lágs gengis. Fin lína sem þarf að stiga enda eðlilegt að krónan hafi gefið eftir þegar ferðapjónustan þurrkaðist út.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Inngripsstefna Seðlabankans á gjaldeyriseyrismarkaði hefur heppnast vel og skilað árangri, að mati gjaldeyrismiðlara. Bandaríkjadalur hefur veikt um 1,4 prósent frá 1. mars, sem er um það leyti sem COVID-19 kom til Íslands. Aftur á móti hefur evra styrkst um 7,5 prósent á sama tíma.

„Inngripsstefna Seðlabanka Íslands var að mínu mati rétt og ágætlega heppnuð enda eðlilegt að selja úr forðanum til að mæta áföllum af þessu tagi,“ segir Ragnar Björn Ragnarsson, gjaldeyrismiðlari hjá Arion banka. „Hins vegar er jafn eðlilegt að krónan gefi eftir þegar ein undirstöðuáttvinnugrein þurrkast út og við bætist svo að stórir erlendir fjárfestar selja krónur fyrir tugi milljarða. Þetta er því fin lína sem Seðlabankinn þarf að stiga og tókst ágætlega. Gleymum því ekki að megnið af styrkingunni kom eftir að Pfizer tilkynnti um niðurstöður úr prófunum bóludefnis þann 9. nóvember,“ segir hann og bendir á að þá kostaði evran 163 krónur.

Stefnir Kristjánsson, gjaldeyrismiðlari hjá Landsbankanum, bendir á að gengisvísitala krónunnar hafi verið 184 stig við upphaf mars, hafi farið í 212 stig í lok október en sé nú 195 stig. Krónan sé því ekki komin á nánast sama stað og fyrir heimsfaraldurinn. „Verkefni Seðlabankans var meðal annars að vinda ofan af væntingum um að það væri áhættulaust að eiga gjaldeyri. Það hefur tekist. Seðlabankastjóri var líka skýr við útgáfu síðasta tölublaðs Peningamála um að krónan myndi styrkjast,“ segir hann og bendir á að þá hafi gengisvísitala krónu verið 208 en standi nú í 195. „Stefna Seðlabankans hefur klárlega skilað árangri.“

Seðlabankinn greip inn í gjaldeyrismarkaðinn á fimmtudaginn og keypti gjaldeyri fyrir rúmlega 2,6 milljarða. Var það í fyrsta sinn síðan í lok júní sem bankinn beitti gjaldeyriskaupinngripum, samkvæmt gögnum frá Seðlabankanum.

Krónan hefur styrkst um fjögur prósent gagnvart evru á einni viku og um 7,5 prósent frá 29. október. Evran kostar nú 153 krónur. „Styrkingin er vissulega mikil á stuttum tíma,“ segir Stefnir. Hann segir að sama skapi að ekkert sé að því að evran kosti um 150-155 krónur eins og í maí og júní. „Í flestum tilfellum getum við vænst leiðréttingar á ýktum hreyfingum en það er langt frá því að vera augljóst núna,“ bætir Stefnir við.

Ragnar Björn segir að til skamms



Asgeir Jónsson stendur vaktina sem seðlabankastjóri nú þegar Ísland glímir við mestu kreppu í 100 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

/// Gengisþróun evru gagnvart krónu



tíma hafi styrking krónu verið of mikil, sem væntanlega muni „leiðrétta eitthvað til baka“. Líklegt sé að lífeyrissjóðir muni nýta lágt gengi Bandaríkjadals til að kaupa meiri gjaldeyri en þeir hafi gert undanfarnar vikur og mánuði. Horft lengra fram í tímann, fram á mitt næsta ár, sé krónan nokkuð eðlilega verðlögd núna, ef væntingar gangi eftir um opnun landamæra og að ferðapjónustan taki við sér.

Aðspurðir um þýðingu þess fyrir viðspyrnu hagkerfisins að krónan hafi styrkst mikið að undanförunu, bendir Ragnar Björn á að of sterk króna rýri samkeppnishæfni landsins og komi í veg fyrir kröftuga upp-

risu ferðapjónustunnar, sérstaklega þegar tekið sé tillit til þróunar launa hér undanfarið samanborið við önnur lönd sem séu háð ferðapjónustu. „Hins vegar held ég að með evrugildið í kringum 150 sé ekki verið að veikja viðspyrnu landsins að neinu marki enda raungengið frekar hóflegt,“ segir hann.

Stefnir segir að styrking krónu nú segi lítið til um getu hagkerfisins til að ná viðspyrnu. Hann bendir á að krónan hafi yfirgefið verðbil sem myndaðist þegar erlendir fjárfestar seldu ríkisskuldabréf fyrir háar fjárhæðir og skiptu yfir í erlenda mynt. Nú sé krónan komin í þau gildi sem voru fyrir söluna.

Undirliggjandi kraftar þrýsta á veikingu krónu

Sérfræðingar á fjármálamarkaði hafa bent á að undirliggjandi kraftar þrýsti á veikingu krónu. Halli á vöru- og þjónustujöfnuði frá mars til og með september er 42 milljarðar króna. Áfram verði halli næstu mánuði. Halli á vöruviðskiptum frá janúar til nóvember sé 95 milljarðar króna. Innflutningur á vörum jókst um 17 prósent á milli ára í nóvember síðastliðnum á föstu gengi. Eins er nefnt að hagvaxtarhorfur hérlendis í ár og á næsta

ári séu ekki eins bjartar og í helstu viðskiptalöndum okkar. Það geti meðal annars fælt erlenda fjárfesta frá því að fjárfesta hér á landi. Þess vegna sé hægt að rökstyðja veikara gengi. Hagvaxtarhorfur gætu þó breyst á skömmum tíma.

Aðrir telja að í ljósi mikils áhuga á kaupum á krónu að undanförunu sé ólíklegt að hún muni veikjast að ráði, nema eftirspurnin dagi uppi og til þess þurfi eitthvað sérstakt að koma upp á í desember.

●● Í flestum tilfellum getum við vænst leiðréttingar á ýktum hreyfingum en það er langt frá því að vera augljóst núna.

Stefnir Kristjánsson, gjaldeyrismiðlari hjá Landsbankanum

Fram hefur komið í Markaðnum að BlueBay Asset Management, sem var einn stærsti eigandi íslenskra ríkisskuldabréfa, hafi í lok október selt öll ríkisskuldabréf sín. Frá byrjun ágúst hefur sala BlueBay á íslenskum ríkisskuldabréfum numið nærri 50 milljörðum króna.

Hvorki Ragnar Björn né Stefnir segjast eiga von á því að Seðlabank-

inn muni lækka stýrivexti í febrúar aðspurðir, í ljósi þess að sterkari króna ætti að leiða til minni verðbólguþrýstings. Björn Ragnar segir að styrking sé að stórum hluta byggð á fréttum af bóludefni og væntingum um að ferðapjónustan muni taka við sér á næsta ári. Þannig hafi Ícelandair hækkað um rúmlega 60 prósent, byggt á sömu væntingum, frá 9. nóvember þegar fréttir bárust af því að bóludefni Pfizer við COVID-19 virkaði á 90 prósent fólks. „Ef það raungerist munu umsvif í efnahagslífinu aukast, atvinnuleysi minnka og þörf fyrir frekari vaxtalækkunir minnka,“ segir hann.

Stefnir segir að miðað við það sem kom fram í máli seðlabankastóra við síðustu stýrivaxtalækkun þygi honum „sennilegt að Seðlabankinn sé að rýna meira í hagvaxtarhorfur og atvinnustig“.

Sala innviða gæti aukið handbært fé Sýnar um allt að 1,5 milljarða

Allt að 1,5 milljarðar króna af handbæru fé gætu myndast við mögulega sölu Sýnar á óvirkum fjarskiptainnvíðum. Þetta kemur fram í umfjöllun markaðsviðskipta Landsbankans um áformin.

„Við áætluðum að á bilinu 1,0 til 1,5 milljarðar króna af handbæru fé myndist við sölu miðað við svipada skuldsetningu og svipað eiginfjárlutfall fyrir og eftir sölu,“ segir í umfjölluninni. Ábati af sölnunni gæti því numið um 10-15 prósentum af markaðsvirði félagsins.

„Slíka upphæð yrði hægt að nýta til að stýðja við fjárfestingar (5G) og mögulega skila til fjárfesta í formi endurkaupa á eigin bréfum.“

Sýn tilkynnti 23. október að náðst

» Greinandiinn áætlað bókfært verð eignanna um 750 milljónir króna og því er áætlað söliverð 6.750 milljónir.

hefði samkomulag við erlenda fjárfesta um einkaviðræður og helstu skilmála í tengslum við mögulega sölu og endurleigu á óvirkum innviðunum. Í tilkynningunni kom fram að viðskiptin, miðað við þá skilmála sem liggja fyrir, myndu styrkja efnahagsreikning félagsins og „gæti væntur söluhagnaður Sýnar numið yfir sex milljörðum

króna, gangi viðskiptin eftir“.

Ráðgert er að selja ríflega 200 af um 600 sendastöðum félagsins. Greinandi bankans áætlað bókfært verð eignanna sé um 750 milljónir króna og því er áætlað söliverð 6.750 milljónir.

Þá kom fram í tilkynningunni að gerður yrði langtímaleigusamningur til 20 ára, sem tryggja myndi áframhaldandi aðgang Sýnar að hinum óvirkum farsímainnvíðum. Undir IFRS 16 reikningsskilastöðlunum myndast leiguskulda og leigugæta þegar langur leigusamningur er undirritaður.

Greinandi Landsbankans bendir á að áhrif á hagnað félagsins, og sjóðstreymi til hluthafa, velti síðan á upphæð leigugreiðslunnar, fjár-

magnskostnaði leiguskuldarinnar, hvaða lán verða greidd upp eftir sölu og skattalegru meðferð.

„Ef vaxtaberandi lán eru greidd upp sem samsvara leiguskuldinni þá lækka vaxtagreiðslur um ríflega 200 milljónir króna. Rekstrarkostnaður við stöðvarnar dettur út, upphæð sem við vitum ekki. Á móti er sjálfleigugreiðslan sem þarf að inna af hendi sem við teljum að geti verið hið mesta á bilinu 350-450 milljónir króna.“

„Nettó áhrif á sjóðstreymi samkvæmt okkar forsendum ætti ekki að vera nema í mesta lagi 200 milljónir króna á ári, þó hver leigugreiðslan er og hversu mikið verði ráðstafað í uppgreiðslu eldri skulda ræður eðlilega þessum mun.“

Eins og greint var frá í Markaðnum er fjarskiptafélagið Nova í einkaviðræðum við sömu erlendu fjárfesta og Sýn um mögulega sölu og endurleigu á óvirkum farsímainnvíðum félagsins samkvæmt heimildum Markaðarins.

Samsetning fjarskiptakerfisins, eignarhald og nügildandi samkomulag á milli fyrirtækjanna tveggja er með þeim hætti að Nova, sem er að mestu leyti í eigu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Pt Capital og Novator, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, þarf að vera með í ráðum ef Sýn ákveður að selja óvirka innviði sína. Viðræðurnar hafa verið aðskildar en að baki þeim liggja sömu forsendur. – þff

Framlag Íslands í loftslagsmálum



Eggert Benedikt Guðmundsson
forstöðumaður
Grænvangs

Stærstu áskoranir þjóða heims í loftslagsmálum snúa að orkuskiptum. Hvernig er mögulegt að skipta út því gríðarlega magni af jarðefnaeldsneyti, sem knýr öll hagkerfi heimsins, fyrir endurnýjanlega og hreina orku? Hvernig er hægt að framleiða rafmagn án kola og gass, hvernig er hægt að hita og kæla húsin, knýja samgöngutækin og reka framleiðslufyrirtækin?

Ísland er í sérstakri stöðu í þessum málum. Í byrjun síðustu aldar hófst rafvæðing landsins með virkjunum fallvatna og síðar með jarðhita. Nú hafa tilraunir með virkjun vindorku bæst við. Arangurinn er sá að 100 prósent af íslenskri raforku koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum.


Sama á við um húshitun. 100 prósent af orku til húshitunar koma nú frá endurnýjanlegum orkugjöfum, langmest frá jarðhita.

Á fleiri sviðum hefur mikill árangur náðst. Losun gróðurhúsalofttegunda frá fiskiskipum dróst saman um ríflega fjórðung á milli árána 2005 og 2018. Þetta tókst með betri stýringu veiða, betri hönnun skipa og þróun orkusparandi veiðarfæra.

Enn eru stór verkefni óleyst. Þau stærstu snúa að því skipta út því jarðefnaeldsneyti, sem enn er notað, fyrir græna orku. Rafvæðing einkabíla er komin á fulla ferð og verða hreinorkubílar vonandi sjálfsgöður kostur á næstu árum. Orkuskipti flutningabíla og vinnuvéla taka lengri tíma. Þau munu þó væntanlega byggja á vetni, framleiddu með endurnýjanlegum orkugjöfum, eða öðru rafeldsneyti. Losun frá úrvinnslu úrgangs hefur lækkað hratt undanfarin ár, þótt enn sé margt óunnið. Losun frá landbúnaði hefur verið nokkuð stöðug í mörg ár og þar er kröftugra aðgerða þörf.

Losun frá orkusæknum iðnaði, svo sem álverum, er brot af því sem hún væri ef framleiðslan væri knúin með kola- eða gasorku, eins og viðtekið er í flestum öðrum löndum. Losun þessara fyrirtækja lýtur takmörkunum Evrópska viðskiptakerfisins og mun því lækka jafnt og þétt á næstu árum eins og það kerfi kveður á um.

Hlutfall endurnýjanlegrar orku af allri orkunotkun árið 2019



Framlag erlendis

Ísland hefur frábæra sögu að segja. Þótt verkefni séu næg og okkur sé lífsnáuðsynlegt að takast á við þau eins hratt og mögulegt er, þá eru tækifærin líka fjölmörg.

Á mörgum sviðum höfum við þegar náð afar góðum árangri. Íslensk fyrirtæki hafa öðlast dýrmæta reynslu, sem við höfum deilt með öðrum þjóðum og tekið þátt í umfangsmiklum verkefnum til nýtingar endurnýjanlegrar orku víða um heim. Ef tölur um árangur í þeim verkefnum eru skoðaðar sést samdráttur í losun, sem er meiri en sem nemur allri losun Íslands. Eðlilega þarf að fara varlega í slíkan samburð, en víst má telja að eitt mesta framlag Íslendinga í loftslagsmálum hafi orðið á erlendri grundu.

Þessi þróun heldur áfram. Fjöldi íslenskra fyrirtækja þróar nú og hefur þegar markaðssett fjölbreyttar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með því að nýta lausnir hringrásarhagkerfisins. Margar þessara lausna gera hvort tveggja í senn. Annars vegar hjálpa þær okkur að takast á við þau verkefni sem enn eru óleyst. Hins vegar hjálpa þær öðrum þjóðum í sinni vegferð og auka um leið útflutning frá Íslandi og þar með gjaldeyrisöflun.

Grænar lausnir frá Íslandi fela í sér gríðarlega mikilvæg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, bæði þau sem nú þegar hafa aflað sér mikilvægrar þekkingar og reynslu og eins fyrir fyrirtæki í nýsköpun. En þær geta á sama hátt orðið mikilvægt framlag Íslands til baráttunnar í loftslagsmálum á heimsvísu. Það er því til mikils að vinna að styðja við og kynna þær með öflugum og markvissum hætti.

Metnaðarfull markmið

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir.

Grænar lausnir frá Íslandi fela í sér gríðarlega mikilvæg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, bæði þau sem nú þegar hafa aflað sér mikilvægrar þekkingar og reynslu og eins fyrir fyrirtæki í nýsköpun.

Hann var stofnaður fyrir rúmu ári, einmitt í þeim tilgangi að tengja saman þessi tvö viðfangsefni. Erlendis vinnum við undir vörumerkinu Green by Iceland að því að kynna íslenskar, grænar lausnir og íslensku söguna sem á erindi við marga. Hér heima vinnur Grænvangur með atvinnulífinu að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kynna þær lausnir sem í boði eru.

Verkefni fram undan eru stór. Á næstu tíu árum þurfa Íslendingar eins og aðrar þjóðir að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu. Til enn lengri tíma litið hefur Ísland einsett sér að verða kolefnishlutlaust árið 2040. Þetta er metnaðarfullt markmið – en raunhæft í ljósi þess árangurs sem þegar hefur náðst og þeirrar vinnu sem er í gangi og áætluð er. Hugvit sem hér er til staðar, lausnir sem orðið hafa til og sú dýrmæta reynsla sem við höfum af endurnýjanlegum orkugjöfum og kolefnisbindingu sýna að Ísland getur enn frekar lagt sitt á vogarskálarnar til að efla grænar atvinnugreinar og sigrast á loftslagsvandannum. Við hjá Grænvangi hlökkum sannarlega til að taka þátt í því verkefni.

Tækifæri í lágvaxtaumhverfi



Dóra Axelssdóttir
forstöðumaður
einkabanka-
þjónustu Kviku
eignastýringar

Stýrivextir á Íslandi hafa aldrei í sögunni verið lægri en nú og standa í 0,75 prósentum. Það er því við hæfi að velja því upp hvar tækifæri leynast fyrir almenning að ávaxta sparifé sitt. Með lágum vöxtum koma fram nýjar áskoranir – fjárfestar þurfa að taka meiri áhættu – en öllum áskorunum fylgja alltaf tækifæri.

Ástæða þessara lágu vaxta skýrist að miklu leyti af COVID-19 ástandinu. Íslenskt efnahagslíf er mjög háð ferðaþjónustunni en um 16% vinnuafis á íslenskum vinnumarkaði starfa nú í greininni. Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á afkomu ferðaþjónustunnar sem og á útflutningstekjur Íslands. Í efnahagsspá Seðlabanka Íslands

kemur fram að landsframleiðsla muni dragast saman um 8,5 prósent í ár og litið verði um fjárfestingar annarra en opinberra aðila. Til að stemma stigu við þeirri stöðu mála hefur Seðlabankinn lækkað vexti til að örva eftirspurn í hagkerfinu.

Samfara lækkunum stýrivaxta hafa vextir á óbundnum innlánsreikningum stóru bankanna lækkað og liggja nú nálægt 0 prósent. Verðbólguþáttur fyrir árið 2021 hljóða upp á 3,1% – 3,6% en 12 mánaða verðbólga stendur nú í 3,5%. Því má gera ráð fyrir að raunávöxtun innlána, það er nafnávöxtun að frádreginni verðbólgu, verði neikvæð næstu misseri. Það vekur því upp þá spurningu hvort almenningur sé að fara á mis við betri tækifæri til að ávaxta sparifé sitt.

Samhliða vaxtalækkunarferli síðustu ára hefur átt sér stað gífurleg aukning í sparnaði og hafa innlán heimila aldrei verið meiri en nú. Sérfræðingar Kviku eignastýringar meta það svo að hluti þessara innlána, sem telur um 1.000 milljarða króna, leiti inn á verðbréfamark-

aðinn þar sem verðlagning er hagstæð miðað við stöðu hagkerfisins. Nýlegar fréttir af þróun bóluæfnis vekja vonir um að viðspyrna í hagkerfinu verði mikil.

Áhættuvilji einstaklinga skiptir öllu máli þegar þeir ákveða hvort ávaxta skuli sparifé í innlánum eða á verðbréfamörkuðum. Þessu tengt, liggur nú fyrir á Alþingi frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um breytingar á fjármagnstekjuskatti. Þar er meðal annars að finna ákvæði um fjármagnstekjuskatt sem ætti að hvetja til aukinnar þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði og gera hann að enn álitlegri fjárfestingarkosti.

Við val á fjárfestingarstefnu teljum við að einstaklingar þurfi að setja sér raunhæf markmið um ýmsa þætti og má þá nefna fjárfestingartíma, áhættuþol og ávöxtun. Sérfræðingar Kviku eignastýringar gera sér grein fyrir að þörfin hefur sjaldan verið meiri fyrir virka stýringu eignasafna. Askorunum fylgja tækifæri og í krefjandi umhverfi, sem við búum öll við í dag, þarf að koma auga á þessi tækifæri.

sushi
social

25% AFSLÁTTUR

af öllum sushirúllum
á matseðli í

TAKE AWAY



TILBOÐS sushibakkinn



32 geggjaðir sushibitar
5.990 kr.

Panta þarf tilboðsbakkann fyrir kl. 14.00 samdægurs.

Tekið er við pöntunum í síma 568 6600
eða með fyrirvara á netfangið
sushisocial@sushisocial.is

Nánar á sushisocial.is

SUSHI SOCIAL
Þinghóltsstræti 5 • 101 Reykjavík

Skotsilfur



Dýrkeypt afskipti

Fréttir af bóluþefni hafa keyrt upp hlutabréfaverð Icelandair sem stendur nú í 1,7 krónum á hlut samanborið við útboðsgengið 1. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, sem bætti við sinn hlut í útboðinu, hefur á undanförunum dögum og vikum selt hluti í Icelandair með mörg hundruð milljóna króna hagnaði. Skörp hækking bréfanna skapar þreifanlegan ávinning fyrir LSR en er umhugsunarefni fyrir sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem tók ekki þátt í útboðinu. Vitaskuld voru málefnalegar ástæður fyrir því að fjárfesta ekki í Icelandair og fleiri lífeyrissjóðir en LIVE ákváðu að sitja hjá. En ólíkt LIVE þá lék enginn vafi á því hjá hinum sjóðunum að stjórnir þeirra tóku sjálfstæða ákvörðun. **Ragnar Þór Ingólfsson**, formaður VR, beitti grímulausum þrýstingi fyrir opnum tjöldum og jafnvel þó að hann hefði dregið yfirlýsingar sínar til baka var skaðinn skeður. Óhjákvæmilegt var að grunsemdir myndu vakna um sjálfstæði stjórnarmanna LIVE. Afskipti hans kunna að hafa reynst sjóðfélögum dýrkeypt.



Horfa til Arnarlax

Fjárfestar vonast til þess að Arnarlax verði skráð tvíhliða í Kauphöll Íslands á nýju ári samhliða því að félagið færi sig yfir á Aðallistann í Noregi. Það er þrennt sem einum er horft til; þeir íslenskir hluthafar, þar á meðal **Kjartan Ólafsson** stjórnarformaður, eru á meðal þeirra tíu stærstu eftir vel heppnað hlutafjárútboð á dögunum. Ef fram fer sem horfir verður fiskeldi í náinni framtíð ein af burðarstöðunum í útflutningstekjum þjóðarþúsins. Auk þess vex fyrirtækið hratt um þessar mundir en frá bankahruni hafa vaxtarfélög ekki sóst eftir skráningu í Kauphöllina sem skerðir verulega valkosti fjárfesta. Eins er líklegt að Marel muni fyrir en síðar hverfa af íslenska hlutabréfmarkaðnum og þá munar um að fá félag á markað sem er metið á 49 milljarða króna í norsku Kauphöllinni.



Vagg og vitleysa

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG, fullyrta að RÚV væri vagg upp-lysingaflæðis á Íslandi. Því yrði að ausa meira fé í stofnunina. Það er rangt. RÚV hefur margoft misstigið sig og flutt rangar fréttir án þess að leiðrétta fréttaflutninginn. Nærtækt dæmi fyrir þingmanninn er að RÚV gerði því góð skil að farið væri fram á að Landspítalinn skæri niður í rekstrinum um 4,3 milljarða. Rétt fjárhæð er 400 milljónir. RÚV sá ekki sóma sinn í að koma skikk á eigin upplýsingaóreiðu. Sannleikurinn er sá að fjölbreytt fjölmiðlaflóra er bóluþefnið gegn upplýsingaóreiðu. Ekki RÚV.



Davos-ráðstefnan til Singapore



Ráðstefnan The World Economic Forum, sem alla jafna er haldin í Davos í Sviss, verður færð til Singapore. Ástæðan er rakin til smíthættu af COVID-19 í Evrópu. Yfirleitt er ráðstefnan haldin í janúar en hafði áður verið færð fram í maí. Í október var tilkynnt að viðburðurinn yrði í borginni Lucerne sem er ekki jafn hátt uppi og Davos. Þetta verður í annað skiptið í 20 ára sögu ráðstefnunnar sem hún verður haldin í öðru landi. FRÉTTABLAÐID/EPA

Skuldir framtíðarinnar




Agnar Tómas Möller sjóðstjóri skuldabréfa hjá Kviku eignastýringu

Þrátt fyrir 2 prósent vaxtalækkun Seðlabanka Íslands á árinu, tiltölulega stöðugt verðlag en versnandi efnahagshorfur, hafa langtíma raunvextir á Íslandi hækkað verulega síðustu mánuði. Þróun sem er á skjön við það sem er víðast erlendis og sem dæmi hefur bandaríski seðlabankinn lækkað styrivexti um 150 punkta á sama tíma og langtíma raunvaxtamunur Íslands við Bandaríkin hefur meira en tvöfaldast á árinu og er nálægt 2 prósentum í dag.

Fjármálaráðherra lét hafa eftir sér í lok nóvember að vel hefði gengið að fjármagna hátt í 300 milljarða króna hallarekstur ríkissjóðs á liðandi ári og „margir möguleikar“ væru fyrir hendi við fjármögnun hallans horft fram á veginn, sem stefnir í vel yfir 1.000 milljarða króna til ársins 2025. Þetta eru athyglisverð ummæli. Það sem af er ári hefur langmesti hluti fjármögnunar ríkissjóðs verið í formi stuttra skuldabréfa sem hafa að mestu verið fjármögnuð af fjármálastofnunum, með fjármunum sem Seðlabankinn „úthýsti“ úr bundnum innlánnum í bankanum síðastliðið vor. Útboð ríkissjóðs á lengri tíma skuldabréfum, sem og Lánasjóðs sveitarfélaga, hafa hins vegar gengið brösuglega og verið framkvæmd „á hnjúnum“ þar sem nær öllum tilboðum fjárfesta í umræddum útboðum hefur verið tekið. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra ef markmiðið er að viðhalda góðum fjármagnskjörum og endurspeglast í stöðugt versnandi lánsfjárförum ríkissjóðs og sveitarfélaga á lengri tíma skuldbindingum á síðari hluta ársins, þrátt fyrir vaxtalækkanir Seðlabankans.

Ólíka þróun langtímavaxta hér og erlendis má að miklu leyti rekja



til þess að vestrænir seðlabankar hafa almennt stutt við fjármögnun opinberra aðila og viðhaldið nægri eftirspurn á eftirmarkaði, samhliða mikilli fjárförf útgefenda á frummarkaði. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri hefur hins vegar verið skýr í málflutningi sínum og einfaldlega sagt að hér gildi önnur lögmál á Íslandi en í öðrum litlum, opnum hagkerfum. Seðlabankinn

hefur því ekki treyst sér til að kaupa íslensk skuldabréf í neinum mæli sem skiptir, hingað til.

Ummæli seðlabankastjóra þarf að setja í samhengi við skuldaföfnun ríkis og sveitarfélaga. Hið opinbera á Íslandi „spilar ekki í sömu deild“ og aðrar vestrænar þjóðir og efnahagsleg viðbrögð þurfa að taka mið af því. Erlendis seðlabankar og ríkissjóðir hyggjast

Hið opinbera á Íslandi „spilar ekki í sömu deild“ og aðrar vestrænar þjóðir og efnahagsleg viðbrögð þurfa að taka mið af því.

viða stíga samstíga dans þar sem vöxtum til lengri og skemmri tíma er haldið lágum á meðan vonir eru um að vaxandi verðbólga og hagvöxtur muni minnka skuldafjall heimfaraldursins með tíð og tíma. Líkt og ofangreind þróun ber með sér, eru langtímavextir mun hærri hér en í öðrum þróuðum ríkjum og hljóta því að setja stífari skorður við skuldaaukningu en annars staðar.

Jafnvel þótt ótti margra um að framtíðin muni bera með sér kreppuverðbólgu (vegna hárra skulda og mikils peningamagns) muni ekki rætast, er ljóst að áskorun biður íslenska þjóðarþúsins, að skapa þær útflutningstekjur sem bera eiga uppi hagvöxt framtíðar, eftir að verstu áhrif heimfaraldursins hafa gengið yfir. Verði árlegur hagvöxtur sem dæmi almennt 2% næsta áratuginn, munu skuldir sem bandaríska ríkið fjármagnar í dag, minnka um 26% af landsframléiðslu á tímabilinu, á meðan skuldir íslenska ríkisins lækka um 10% og skuldir íslenskra sveitarfélaga standa í stað.

Það er engin sérstök ástæða til að óttast að skuldir hins opinbera verði ekki á endanum greiddar á tíma. Hitt er hins vegar ljóst að hin mikla skuldaföfnun í dag verður að sköttum og klyfjum framtíðarinnar – við því er engin töfralausn.

Verslaðu jólagjafirnar heima!



Allir fá eitthvað fallett, úr Kúnígúnd

Stútfullur jólabæklingur af fallegum og vönduðum gjafahugmyndum.

Kíktu á www.kunigund.is og kynntu þér úrvalið.

Frí heimsending á öllum netpöntunum yfir 10.000 kr.

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Sími 568 1400 · kunigund.is

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Dýr Leifsstöð

Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður dýr á föðrum á næstunni. Einungis örfáar hræður koma til landsins og umfangsmikil stækkun stendur fyrir dyrum. Brýnt er að ríkið leiti leiða til komast hjá þeim miklu fjárútlátum. Annaðhvort með því að selja flugstöðina – sem væri æskilegt – eða fá einkaaðila, þar með talið fagaðila í flugrekstri og lífeyrissjóði, til að koma að uppbyggingunni og rekstrinum í meira mæli. Ekkert er unnið við að setja flugvöllinn á fjárlög en ýmsu fórnað.

Talið er að ríkissjóður verði rekinn með tæplega 600 milljarða króna halla í ár og á næsta ári í ljósi aðgerða til að stemma stigu við áföllum tengdum COVID-19. Mikil er rætt um að fjárhagsstaða ríkissjóðs sé góð og því hafi hann burði til að skulðsetja sig verulega. Minna er horft til þess að jafnvel þótt skulðsetningin verði í meðallagi árið 2025 í samanburði við önnur þróuð ríki, verður vaxtabyrðin sú mesta miðað við núverandi vaxtastig. Það verður að horfa til beggja þessara þátta þegar rætt er um skulðsetningu.

Eins verður að taka tillit til þess að Ísland er með minnsta gjaldmiðil í heimi. Landið verður því að standa betur að vígi en aðrar þjóðir til að laða að erlenda fjárfesta og halda fjármagni innan lands. Til viðbótar eru hagvaxtarhorfur í ár og fyrir næsta ár ekki eins bjartar og í helstu viðskiptalöndum okkar. Mörg rök hniga að því að draga úr skulðsetningu ríkisins ef kostur er.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) varpaði nýverið ljósi á að Leifsstöð væri einn óhagkvæmasti og dýrasti flugvöllur í Evrópu. Jafnvel í samanburði við flugvelli af sömu stærð sem taka á móti svipuðum fjölda farþega og starfræktir eru við sambærilegar veurfarsaðstöður.


OECD leggur til að leitað verði leiða til að auka samkeppnishæfni Leifsstöðvar til dæmis með breyttu eignarhaldi eða að bjóða út tiltekinn rekstur flugvallarins. Slíkt tíðkast erlendis. Á árunum 2010 til 2016 næstum tvöfaldaðist hlutfall flugvalla í einkaeigu eða einkarekstri í Evrópu, úr 22 prósentum í 41 prósent. Á sama tíma jókst farþegafjöldi þeirra úr 48 prósentum í 74 prósent. Stjórnvöld eru því í vaxandi mæli að treysta markaðnum fyrir rekstri flugvalla.

Óþarfi er að óttast aðkomu fjárfesta að Leifsstöð. Flugvellir eiga í alþjóðlegri samkeppni um hvert flugfélög fljúga. Alþjóðlegi flugvöllur okkar eyjarskeggja starfar ekki í tómarúmi heldur þarf að leita leiða til að þjónusta alþjóðleg flugfélög og ferðamenn sem best.

Hagnaður Kauphallarinnar eykst

Hagnaður Kauphallar Íslands, sem er í eigu Nasdaq-samstæðunnar, jókst um 21 prósent á milli ára og var 70,6 milljónir króna árið 2019. Tekjur jukust um 15 prósent á milli ára og námu 573 milljónum króna. Arðsemi eiginfjár var 20 prósent.

Eigið fé Kauphallarinnar var 385 milljónir króna við árslok. Eiginfjárlutfallið var 57 prósent. Samkvæmt ársreikningi leggur stjórn félagsins til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2020 vegna ársins



Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

2019. Hugsanlega verði þó boðað til hluthafafundar síðar á árinu og lögð fram tillaga um arðgreiðslu.

Um 50 prósent af tekjum Kauphallarinnar má rekja til fimm stærstu viðskiptavina félagsins. Í lok síðasta árs voru 24 félög skráð á hlutabréfamarkað, þar af fjögur á First North. Markaðsvirði skráðra skuldbréfa jókst um fjögur prósent á milli ára og nam 2.645 milljörðum króna við árslok, þar af voru 708 milljarðar ríkisskuldabréf. – hvj

07.12.2020

Við höldum að við séum svo æðisleg, við erum svo flott, svo jafnréttissinnuð, við erum algjört æði. Samt erum við í rauninni bara hallærisleg, lummó.

Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Vantar þig blaðið í dag, í gær eða kannski helgarblað frá því í fyrra?

Kíktu á BLÖÐIN á frettabladid.is

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flípanum Blöðin

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á

frettabladid.is

